



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 7. janúar 2025, fundur hófst kl 20:00.

**Staður:** Fundarherbergi Samskipahöllin

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmisdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigurbjörn Eiríksson, Hermann Vilmundarson, Haraldur Pétursson

Fjarverandi: Lárus Sindri Lárusson

### 1. 1 deildin

Sverrir Einarsson, fyrrverandi formaður Sprettis, kom á fundinn og fór yfir það hvernig 1. deildin kom inn í Sprett síðasta vetur. Einnig var farið yfir fundinn sem haldinn var með 1. deildinni og samskiptin við stjórn deildarinnar við stjórn Sprettis. Sverrir staðfesti á fundinum við núverandi stjórn Sprettis að það hefði verið ákveðið að rekstrarfyrirkomulagið á 1. deildinni yrði með sama hætti og fyrirkomulagið við rekstur Áhugamannadeildarinnar og Blue Lagoon. Rekið undir kennitölu Sprettis og í nafni Sprettis. Annars hefði deildin ekki verið tekin inn í Sprett með þeim hætti sem var gert. Þessi skilningur hefur nú verið staðfestur á tveim fundum með Sverri. Þetta er það sama og núverandi stjórnarmenn sem voru einnig í fyrri stjórn hafa sagt. Ákveðið var að hafa samband við liðin í 1. deildinni og útskýra fyrir þeim stöðuna með tölvupósti áður en frétt sem útskýrir afstöðu Sprettis verður sett á vefinn. Næsta skref verður svo að manna nýja stjórn og halda áfram með undirbúning deildarinnar enda stutt í fyrsta mót. Sverrir fór af fundi.

### 2. Bókun og reiðhallir

Þórdís yfirbjálfari kom á fundinn og fór yfir þau verkefni sem hún er með í vinnslu, félagshesthúsið, hallarbókanir og unglingaráð svo eitthvað sé nefnt. Farið var yfir hvernig standa skuli að því að bjóða upp á tímapantanir í höllunum í gegnum Sportabler. Ákveðið að minnsta einingin yrði 1 klst. Þórdís er hefur útbúið fréttum málið þar sem verðin koma fram. Þórdís búið að búa til facebook grúppu fyrir Ungmennni félagsins og mun senda þeim skilaboð og bjóða þeim að vera með. Þórdís bókar opna tíma í Reiðhöllunum fyrir yngri hópana félagsins

### 3. Framkvæmdastjórarstarfið

Farið yfir stöðuna og rætt hvernig verkefnum verður komið í farveg.

### 4. Umsjónarmaður fasteigna

Talsvert af umsóknum hafa borist og munu Jónína og Davíð taka viðtöl við nokkra þeirra.

### 5. Tryggingar

Fá gjaldkera til að taka málið að sér og klára.

### 6. Félagsgjöldin

Reikningar vegna félagsgjalda veða sendir út 1 febrúar næst komandi. 67 ára og eldri fá

reikningi sendan en geta óskað eftir því að fá niðurfellingu félagsgjalda eins og lög félagsins gera ráð fyrir.

7. **Nefndarkvöld**

Stefnt er að því að halda nefndarkvöld miðvikudaginn 22 janúar. Það verður kynning á starfi nefnda og allir sem hafa áhuga á nefndar störfum geta gengið til liðs við nefndirnar.

8. **Þorablótið**

Ákveðið að hafa 8 febrúar. Haraldur tekur að sér að vera fulltrúi stjórnar við þorablótsnefndina.

9. **Lýsing í reiðhöllinni**

Davíð tekur boltann.

10. **Önnur mál.**

Ákveðið að Jónína verði um sinn skráð fyrir vínveitingaleyfi Spretts.

Ákveðið að fara í lagfæringu á gólfinu í Samskipahöllinni, hefla ofan af því, slétta og setja nýtt efni í gólfið. Vaskur hópur sjálfboðalið annast verkið ásamt starfsmanni frá Loftorku.

Fundi slitið kl. 22:30

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson